

Peningaútgáfa

Samanburður á mismunandi peningakerfum

Samantekt KPMG

Þegar viðskiptabankar veita lán búa þeir til peninga með útgáfu innlána á innlánsreikningum viðskiptavina sinna. Þetta þenur út efnahagsreikninga bankanna, sem seðlabankar hafa takmarkaða getu til að stemma stigu við. Upptaka þjóðpeningakerfis myndi færa peningaútgáfu frá viðskiptabönkum til ríkisins og seðlabankans.

Í þessari skýrslu höfum við borið saman grundvallaratriði þjóðpeningakerfisins og núverandi kerfis. Samanburðurinn leiðir í ljós að innleiðing þjóðpeningakerfis:

- Umbreytir peningum, í formi innlána, frá því að vera skuldir viðskiptabanka til seðlabanka.
- Fjarlægir heimild viðskiptabanka til þess að gefa út peninga og aðskilur greiðslumiðlun frá efnahagsreikningum þeirra.
- Gefur ríkinu möguleika á að setja nýja peninga í umferð í gegnum fjárlög og auka þannig ráðstöfunartekjur og eigið fé heimila og fyrirtækja án þess að hækka skuldsetningu ríkisins.
- Hefur ekki áhrif á greiðslumiðlun frá sjónarhorni heimila og fyrirtækja.

Almenn umræða um mögulega innleiðingu á þjóðpeningakerfi hefur aukist á undangengnum árum. Þjóðpeningakerfið hefur hlotið stuðning málsmetandi hagfræðinga og fréttaskýrenda sem hafa kallað eftir nánari umræðu um málið. Þá hefur málið verið tekið fyrir á þjóðþingum Íslands, Bretlands og Hollands auk þess sem haldin verður þjóðaratkvæðagreiðsla um málið í Sviss.

Tilteknir hlutar þjóðpeningakerfisins hafa einnig verið í brennidepli hjá stjórnvöldum og álitsgjöfum. Skýrsla sérfræðinga Englandsbanka sýndi fram á að útgáfa peninga á efnahagsreikningi seðlabanka gæti leitt til varanlegrar hækkunar þjóðarframleiðslu m.a. vegna lækkana á vaxtastigi, sköttum og kostnaðar við greiðslumiðlun. Þá hafa svonefndir þýrlupeningar (e. helicopter money) og magnbundin íhlutun í þágu fólksins (e. People's QE) hlotið athygli sem raunhæfur kostur í núverandi efnahagsumhverfi.

Fræðileg umfjöllun um þjóðpeningakerfi og sambærilegar hugmyndir á borð við heildarforðakerfi hefur einnig aukist. Verulegur samhljómur er í niðurstöðum rannsókna um að innleiðing annars peningakerfis muni leiða til lægri skuldsetningar hins opinbera og einkaaðila, gera lægra verðbólguþig mögulegt og minnka kerfisáhættu og hættu á bankaáhlaup. Niðurstöður rannsókna eru hins vegar misvísandi varðandi lausafjárstöðu banka, vaxtastig og flækjustigs við innleiðingu kerfisins.

Fjölbreytileiki og umfang áhrifa af upptöku nýs peningakerfis samkvæmt rannsóknum bendir til mikilvægis frekari rannsókna á þessu sviði. Ítarlegra rannsókna er þörf varðandi ákjósanlegt skipulag peningakerfisins, umbreytingaáætlun, greiðslumiðlunarkerfið og peningastefnu undir nýju kerfi. Þá er mikilvægt að frekari rannsóknir verði gerðar á áhrifum á opinber fjármál, fjármálamarkaði, fjármálastöðugleika og raunhagkerfið.